

Fundargerð 2. fundar

Landbúnaðar- og atvinnumálanefndar Flóahrepps

Fundarstaður: Fundarsalur Þingborg
Fundardagur: Mánudagur 24. október 2022
Fundartími: 17:15 – 19:00

Dagskrá:

1. Kynning á fyrirhuguðu skipulagi og uppbyggingu á Heiðargerðissvæðinu
2. Tölfræði yfir atvinnu
3. Atvinnustefna í samvinnu við Árborg
4. Önnur Mál

1. Kynning á fyrirhuguðu skipulagi og uppbyggingu á Heiðargerðissvæðinu

Sveitarstjóri og oddviti kynntu fyrir nefndarmönnum núverandi skipulag sem og fyrirhugaðar breytingar á skipulaginu. EFLA er að vinna að nýjum drögum að skipulagi á svæðinu sem taka tillit til sprungna sem fundust á svæðinu. Fram kom að engir landeigendur í Flóahrepp hafa óskað eftir því að skipuleggja iðnaðarsvæði á sínu landi. Lóðaverð á Heiðargerðissvæðinu er mjög hóflegt samanborið við lóðaverð á Selfossi og því vel samkeppnishæfur kostur. Lyktarmengun frá kjötmjölsverksmiðju er á hinn bóginn fráhrindandi en eigendur verksmiðjunnar hafa sýnt vilja til þess að gera úrbætur þar á. Einnig er gríðarlegt magn orku sem fellur til við kjötmjölsframleiðsluna ákveðið tækifæri til húshitunar nærliggjandi húsa. Ein lóð á núverandi skipulagi er ennþá í eigu sveitarfélagsins. Sú lóð er með c.a. 600fm byggingarreit og stóru malbikuðu plani. Öðrum lóðum hefur þegar verið úthlutað en hins vegar ekki byggt nema á fjórum þeirra.

2. Staða atvinnumála í sveitarfélaginu í dag

Nefndin fékk frá sveitarstjóra lista yfir skráða lögaðila í sveitarfélaginu þar sem fram kemur hvaða atvinnugrein skv. ISAT þeir tilheyra. Rætt um hvaða verkfæri nefndin hefur til þess að skoða nánar tölfræði varðandi atvinnumál á svæðinu, hversu mörg störf eru innan sveitarfélagsins, hversu margir starfa utan sveitarfélagsins. Hvaðan koma tekjur íbúa sveitarfélagsins, úr hvaða greinum, innan/utan sveitarfélagsins o.s.frv. Sveitarstjóri óskar eftir fundi með Þórði hjá SASS og kannar hvaða mælaborð við getum nýtt okkur til að greina stöðuna í atvinnumálum í sveitarfélaginu. Bygðastofnun er með mælaborð sem hugsanlega gæti nýst við þessa greiningu.

3. Atvinnustefna í samvinnu við Árborg

Þessi vinna er ennþá á hugmyndastigi í formi fyrirspurnar frá Árborg varðandi áhuga Flóahrepps, Hveragerðisbæjar og Ölfuss um hvort áhugi sé til staðar á samstarfi í þróun atvinnustefnu á svæðinu. Flóahreppur hefur þegar svarað fyrirspurninni jákvætt.

4. Önnur mál

- Stutt umræða um nýlegan úrskurð umboðsmanns alþingis að sveitarfélög gætu ekki hafnað því að smala ágangsfé á grundvelli leiðbeininga frá innviðaáðuneytinu. Sveitarstjóri ætlar að kynna sér málið nánar. Einnig komið stuttlega inn á lausagöngu búfjár sem og samræmingu reglna um innheimtu jarðþúsunda/fjallskilagjalds.
- Oddviti kynnti stutlega fyrir nefndinni <https://orkidea.is/> - samstarfsverkefni um nýsköpun á Suðurlandi

Stefán Geirsson

Guðmundur Þjarnason

Þorgeir Guðjónsson